



LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ

Sóttvarnalæknir

FARSÓTTAFRÉTTIR

2. árg. 4. tölublað. Apríl 2006.

EFNI:

	bls.
Viðbúnaður og viðbragðs-áætlanir	1
Aukning á lekandatilfellum fyrstu 3 mánuði ársins	1
Mislingar greinast í nágrannalöndum	2
Hettusótt - influensa	2

Ritstjórn

Haraldur Briem sóttvarnalæknir, ábm.

Ása St. Atladóttir
Guðrún Sigmundsdóttir
Sigurlaug Hauksdóttir
Þórolfur Guðnason

Ritstjóri

Jónína M. Guðnadóttir

LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ

SÓTTVARNALÆKNIR

Austurströnd 5
170 Seltjarnarnes
Sími: 510 1900
Bréfasími: 510 1920

Netfang: mottaka@landlaeknir.is
Veffang: www.landlaeknir.is

Heimilt er að nota efni þessa fréttabréfs, sé heimildir getið.

VIÐBÚNÐUR OG VIÐBRAGÐSÁÆTLANIR VIÐ HEIMSFARALDRI INFLÚENSU

Á undanförunum árum hefur verið unnið að viðbragðsáætlun við hugsanlegum heimsfaraldri influensu á vegum sóttvarnalæknis. Þessi áætlun tekur stöðugum breytingum í samræmi við tilmæli WHO og Sóttvarnarstofnunar Evrópusambandsins (ECDC). Yfirlit um viðbúnaðaráætlun heilbrigðisþjónustunnar við heimsfaraldri (mars 2006) af völdum influensu hefur verið birt á vef Landlæknisembættisins (http://www.landlaeknir.is/Uploads/FileGallery/Utgafa/Vidbunadar-aaetlun_heimsfar_mars.06.pdf).

Á ríkisstjórnarfundum þann 10. febrúar 2006 var ákveðið að fela ríkislögreglustjóra og sóttvarnalækni að mynda stýrihóp til að

skilgreina verkefni og hlutverk samstarfsaðila og setja tímamörk fyrir almannavarnarstarf varðandi viðbrögð vegna hættu á heimsfaraldri influensu.


Stýrihópurinn skipar verkefnisstjórn. Ráðinn hefur verið verkefnisstjóri til að stýra verkefninu og framfylgja ákvörðunum verkefnisstjórnar sem heyrir beint undir stýrihóp. Jafnframt skal stofna vinnuhópa með fulltrúum a.m.k. 30 stofnana, samtaka og félaga sem fá það hlutverk að vinna samræmda viðbragðsáætlun við hugsanlegum heimsfaraldri influensu í samráði og undir stjórn stýrihópsins. Gert er ráð fyrir að slík viðbragðsáætlun liggja fyrir í júní nk. og haldin verði almenn æfing á viðbrögðum við slíkum faraldri í lok október 2006.

AUKNING Á LEKANDATILFELNUM FYRSTU ÞRÍJA MÁNUÐI ÁRSINS

Sýklafræðideild Landspítala - háskólasjúkrahúss hefur tilkynnt um 13 sjúklinga með lekanda á þremur fyrstu mánuðum þessa árs, en heildarföldi sjúklinga í fyrra var 19. Bendir þetta til áframhaldandi aukningar á

lekanda í samfélaginu. Fólk smitast ýmist innanlands eða erlendis og jafnframt eru bakteríustofnarnir með mismunandi sýklyfjanæmi, sem bendir til mismunandi uppruna.

(Framhald bls. 2)



Síðastliðin 2 ár hafa karlmenn verið í meirihluta þeirra sem greinast með lekanda og eru flestir á aldrinum 20–29 ára.

Mikil aukning var einnig á fjölda greindra tilfella milli 2004 og 2005, en þá tvöfaldaðist fjöldi tilfella milli ára. Síðastliðin 2 ár hafa karlmenn verið í meirihluta og eru flestir á aldrinum 20–29 ára. Nánast allir sem greinst hafa eru búsettir á höfuðborgarsvæðinu. Flestir greinast á húð- og kynsjúkdómadeild Landspítala - Háskólasjúkrahúss sem annast meðferð og rekur smitleiðir.

Í stórborgum erlendis hefur víða orðið vart aukningar á lekanda og sárásóttartilfella, einkum meðal karla sem stunda kynlíf með körlum. Ekki er með fullu vitað hvort þessi aukning hérlendis eigi uppruna sinn í þeim hópi, en fleiri karlar í hópi þeirra sem greindast gætu bent til þess.

Helstu einkenni lekanda eru sviði við þvaglát og útfærð frá þvagrás/leggöngum. Lekandi getur einnig smitast við munnmök og samfarir um endaparm og eru einkenni þá annars vegar hálssærindi og hins vegar útfærð og eymsli í endaparmi, en sýkingin er oft einkennalaus.

Ef engin meðferð er veitt getur sýking í kynfærum leitt til ófrjósemi, en bakterían getur einnig borist út í blóðið og/eða borist í önnur líffæri.

Það er áriðandi að almenningur geri sér grein fyrir þessari aukningu á lekanda og verji sig gegn smiti.

MISLINGAR GREINAST Í NÁGRANNALÖNDUM


Á undanförunum vikum og mánuðum hafa mislingar greinst í Danmörku og Englandi. Hér er um að ræða jafnt börn og fullorðna, en enginn hinna sýktu hafði verið bólusettur gegn mislingum.

Mislingar geta verið alvarlegir þar sem um 10% þeirra sem sýkjast fá alvarlega fylgikvilla eins og heilabólgu, lungnabólgu eða hafa dáið, en bólusetning veitir nánast fullkomna vörn gegn sjúkdómnum. Ef þátttaka í bólusetningum hér á landi fer minnkandi má fullvíst telja að mislingar berist einnig hingað til lands. Hér á landi er talið að um 90% barna séu bólusett gegn mislingum, en bólusett er við 18 mánaða og 12 ára aldur (tvær sprautur).

Bólusetning gegn mislingum hófst hér á landi upp

úr 1960, en árið 1976 var byrjað að bólusetja öll börn við tveggja ára aldur. Eins og sjá má á meðfylgjandi mynd hefur náðst frábær árangur í baráttunni gegn mislingum hér á landi vegna góðrar þátttöku almennings í bólusetningum. Enginn einstaklingur hefur greinst hér á landi með mislinga síðan 1997.

Enginn einstaklingur hefur greinst hér á landi með mislinga síðan 1997.



HETTUSÓTT-INFLÚENSA

Í marsmánuði greindust fjórir sjúklingar fæddir á árunum 1984–1986 með hettusótt. Ljóst er að hettusóttarfaraldurinn, sem staðið hefur í 11 mánuði, er smám saman að fjara út.

Inflúensan virðist hafa náð hámarki um miðjan mars, en hún reyndist aðallega af B stofni í ár þótt einnig hafi borið á inflúensu af A stofni (H3N2).